

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 122/1979 um Hitaveitu Reykjavíkur,
sbr. reglugerð nr. 775, 29. nóvember 1983.

1. gr.

24. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist þannig:

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá stofngjald gjaldkræft. Notkunargjöld verða krafín mánaðarlega skv. nánari ákvæðum gjaldskrár, en heimilt er að láta lengri tíma líða milli gjaldþaga. Við verðbreytingar á orku og fastagjöldum skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili, sem reikningurinn tekur til.

Hitaveitan má byggja orkureikninga á áætlun um orkunotkun notenda og innheimta reglulega skv. slíkri áætlun. Reikningar sem byggjast á staðreyndri orkunotkun nefnast „álestrarreikningar“, en reikningar, sem byggjast á áætlaðri orkunotkun nefnast „áætlunarreikningar“.

Raunverulega orkunotkun skal staðreyna á u.þ.b. 12 mánaða fresti. Þegar orkunotkun hefur verið staðreynd skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar. Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar áætlar hitaveitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Notandi getur jafnan gegn greiðslu aukagjalds krafist aukaálestrar og uppgjörð miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um orkunotkun vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal senda orkukaupanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur.

Gjaldþagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er 10 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Einnig skal tilgreina greiðslustað.

Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunar- eða álestrarreikning, má hitaveitan áskilja sér og innheimta dráttarvexti, sem reiknast frá eindaga reiknings hverju sinni.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. áætlunar- eða álestrarreikningi, eða vanrækir skyldur sínar skv. reglugerð þessari. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir eindaga og að undangenginni skriflegri aðvörun, sem sendist viðskiptamanni með þriggja daga fyrirvara. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar.

Sá sem vanskilum veldur, greiðir allan kostnað af lokun og opnun á ný skv. gjaldskrá hverju sinni.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 38/1940 um Hitaveitu Reykjavíkur og 29. gr. orkulaga nr. 58/1967 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. júlí 1987.

F.h.r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.